

SKEMMTILEGAR TILVILJANIR

I

„Nokkur atriði úr utanför minni“ heitir mjög fróðleg ritgerð eftir Einar H. Kvaran í Morgni síðasta (VI, 2.). Segir þar, s. 161: Þann 27. sept. síðastliðinn ritar Conan Doyle í eitt af Lundúnablöðunum: „Síðasti mánuðurinn hefir verið merkilegasta tímabilið í sögu spíritismans. Hann hefir eignast þúsundir af nýjum fylgismönnum, og eftir því, sem ég lít á, hefir hann eflst meira þennan mánuð en á undanförum 10 árum...“

Þetta þótti mér gott að lesa. Ég hefi nefnilega gefið í skyn, bæði á íslensku og öðrum málum, að það mundi verða mikill ávinningur fyrir spíritista, að gefa gaum kenningu mínum. Menn munu því geta skilið, að mér þykir það ekki lítið skemmtileg tilviljun, að fyrsta mánuðinn eftir að farið er að minnast á kennningar þessar á Englandi, fer eins og þarna segir. Fyrsta greinin í Light, 22. ágúst s.l. er um Nýal. (Light er vikublað, sem kemur út í Lundúnum og skáldið David Gow stýrir af mikilli snilld). Er í grein þessari sagt frá rækilegri og merkilegri ritgerð um Nýal, eftir Arnold Wall, prófessor í enskri bókmenntasögu við háskólann í Christchurch á Nýja Sjálandi. Ritgerðin er prentuð í stórblaðinu The Press, og heitir A Thinker in Thule (íslenskur heimspekingur). Hefir prófessor Wall notað íslenskukunnáttu sína vel og giftusamlega, og mjög virðist mér það eftirtektarvert, að fyrsta rækilega útlenda ritgerðin um Nýal, skuli koma í því landi, sem talið er vera mesta framfaralandið á jörðu hér. Ekki er þó enn allt sagt, sem sögulegt er í máli þessu. Á undan greininni sem Light flytur um Nýal, hefir höfundurinn sett vísu þessa:

No shadow but its sister light
Not far away must burn
No weary night, but morning bright
Shall follow in its turn.

Parna er að því vikið, að eftir brautanótt komi bjartur morgunn, og verður því ekki neitað, að einnig þetta er skemmtileg tilviljun, þar sem verið er að ræða um verk manns sem síðastliðin 12 ár — svo að ég nefni aðeins erfíðasta kaflann á ekki góðri ævi — hefir orðið að fara á mis við líklega meir en 20.000 nauðsynlegar svefnstundir.

Í öðrum blöðum af Light, eftir að minnst hafði verið þar á Nýal, eru þessir fyrirsagnir: The Radio Mind og Human Wireless (maðurinn sem þráðlaus stöð), og þarf varla að segja þeim sem lesið hefa Nýal, að mér hafi fallið þær fyrirsagnir vel í geð. Í Light, 28. nóv., er grein eftir mig, með fyrirsögninni: Sleep, dreams and the after-life (svefn, draumar og lífið eftir dauðann). — Hefi ég þá gert nokkra grein fyrir kennungum mínum, bæði í ensku tímariti og þýsku, báðum í fyrstu röð þess kyns blaða.

II

Miklu seinna hefir máli þessu miðað áfram en þurft hefði, og kemur það að nokkru leyti af því, að þó að ekki skorti áhuga, þá vinnst allt seint, þegar að miklum hluta eru pindingar í hvíldar stað. En þó er dráttur þessi meir öðrum að kenna en mér. Því að þrátt fyrir allt, hefi ég sagt það sem nauðsynlegast var að segja.

Vinir mínir sumir virðast hræddir um, að enn kunni að líða tugir ára, áður máli þessu fari að verða sigurs auðið. En sú hræðsla er ástæðulaus. Þegar á næstu árum munu verða miklar breytingar til batnaðar. Allt er nú að verða auðveldara í þessum efnum en verið hefir. Þegar sýnt hefir verið fram á, eins og ítalskur prófessor kvað hafa gert, að manns-heilinn sé öflug þráðlaus sendi- og móttökustöð, þá verður óumflýjanlegt að láta sér hugkvæmast, að samband við þesskonar þráðlausar stöðvar á öðrum stjörnum geti átt sér stað, og meira þarf ekki, til þess að menn uppgötvi, að slíkt

samband á sér stað, í raun og veru. Og þegar ráð eru fundin, til að láta menn sjá það sem fram fer á fjarlægum stöðum, þá fer að verða auðveldara að koma fram þeirri uppgötvun, að draumlífið byggist, að miklu leyti, á nokkurskonar þráðlausum myndasýningum.

Frægur verkfræðingur danskur, sem minntist á það, hversu furðulega margar uppgötvunar hefðu verið gerðar á fyrsta fjórðungi þessarar aldar, kveðst ætla, að næstu 25 árin mundu varla geta orðið eins frjó í þeim efnum. En þau munu verða margfalt frjórri. Þegar þessi óþroskaða lífstöð, sem jörð vor er, fer, fyrir bætta samstillingu, sakir fenginnar þekkingar á aðalatriðum, að komast í betra samband við fullkomnari lífsstöðvar, þá munu verða meiri framfarir á einum áratug, en á hundruðum ára áður. Vér förum þá að sjá leið til að útrýma allri eymd og vesöld af jörðu hér. Og sérstaklega er gott að hugsa til þess, að læknarnir munu læra að nota þannig lífgeislana, að engin verður sú veiki og þjáning, sem þeir geti ekki ráðið við.

Á nýárinu '26.